

Þingtíðindi

frá 28. þingi LÍV á Akureyri
8. - 9. nóvember 2013

Landssamband ísl. verzlunarmanna
29. þing á Akureyri 16. - 17. október 2015

28. þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna var haldið að Menningarhúsinu Hofi, Akureyri dagana 8. - 9. nóvember 2013. Til þings voru boðuð 12 verzlunarmannafélög og deildir verzlunarmanna með um 33.000 félagsmenn innan sinna vébanda. Kjörbréf bárust frá 11 félögum og deildum.

DAGSKRÁ ÞINGS

Föstudagur 8. nóvember

kl. 10:00 Þingfundur settur

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður LÍV

Ávörp gesta

Per Tønnesen, formaður HK Handel í Danmörku

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ

Álit kjörbréfanefndar

Kosning 2ja þingforseta og 2ja ritara

Erindi

Um félagsleg áhrif Héðinsfjarðarganga – karlar og konur

Andrea S Hjálmsdóttir, lektor félagsvísindadeild HA

Hvað er nýtt að fréttu af jafnréttismálum?

Ingibjörg Elíasdóttir, fjölmiðlafræðingur og lögfræðingur á Jafnréttisstofu

Fjölmiðlar og stjórnsmál – traust og vantraust á tíma markaðsmiðlunar

Birgir Guðmundsson, dósent félagsvísindadeildar HA

kl. 12:30 Matarhlé

kl. 13:30 Starfsmenntun verslunar- og skrifstofufólks

Menntun er kjaramál Ólafía B Rafnsdóttir

Reglugerðarbreytingar SVS Teitur Lárusson

Framtíðarstefna SVS Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Umræður

kl. 14.30 Kjarasamningar – Áherslur LÍV – Staðan í dag

Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ

Elías Magnússon, fagstjóri kjaramála VR

Guðbrandur Einarsson, formaður VS

Umræður

Nefndastörf

Kjara- og efnahagsnefnd

Starfsmenntanefnd

kl. 19:30 Móttaka í boði Bæjarstjórnar Akureyrar

kl. 20:00 Kvöldverður á Hótel KEA í boði LÍV

Laugardagur 9. nóvember

kl. 09:00 Nefndastörf

kl. 10:00 **Skýrsla stjórnar og reikningar LÍV**
Fjárhagsáætlun LÍV
Ákvörðun um skatt til LÍV
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður LÍV

Umræður og afgreiðsla

Starfsemi starfsmenntasjóðanna og reikningar
Teitur Lárusson, formaður SVS og SV

Umræður og afgreiðsla reikninga

Álit nefnda

kl. 12:00 **Matarhlé**

kl. 13:00 **Kosningar til 2ja ára**
Formaður LÍV
Sex aðalmenn í stjórn
Sjö varamenn stjórnar
Sjö menn í kjörnefnd

Álit nefnda frh. – umræður- afgreiðsla

Önnur mál

Þingslit eigi síðar en kl. 17.00

Áður en formleg dagskrá hófst var boðið upp á tónlistaratriði. Hjónin Sóley Lára Jóhannesdóttir og Hjalti Jónsson léku á fiðlu og sungu 2 lög.

ÞINGIÐ SETT

Ávarp formanns LÍV.

Fyrir hönd stjórnar LÍV býð ég ykkur hjartanlega velkomin til 28. þings LÍV. Það er mér sérstök ánægja að bjóða ykkur velkomin til Akureyrar í minn fallega heimabæ og í þetta fallega hús Hof sem við Akureyringar erum mjög stoltir af. Ég býð erlenda gestinn okkar íslandsvininn Per Tønnesen, formann HK Handel í Danmörku sérstaklega velkominn, einnig forseta ASÍ, Gylfa Arnbjörnsson, sem er ómissandi á samkomu sem þessari.

Þingið var boðið bréflega til félagsmanna þann 18. júlí sl. í samræmi við 11. grein laga LÍV og er því löglega til þess boðið.

Við erum hér saman komin rúmlega 70 fulltrúar í umboði um 35 þúsund félagsmanna frá 5 félögum og 6 verslunarmannadeildum sem eiga það sameiginlegt að starfa við verslun og þjónustu. En við erum samt ólík á margan hátt, félagsmennirnir vinna ólík störf og eru á mismunandi kjörum. Þá eru félögin innan LÍV ákaflega mismunandi fjölmenn. Í stærsta félaginu eru um 30.000 félagsmenn og í því fámennasta 20 manns. Mismunurinn felst líka í því að við störfum vítt og breitt um landið, yfirgnæfandi meirihluti á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir mismunandi bakgrunn, búsetu, störf og kjör höfum við verið þeirrar gæfu aðnjótandi að geta sett okkur í spor hvers annars og náð að vinna vel saman innan vébanda LÍV.

Dagskrá þessa þings er með hefðbundnum hætti. Við fáum utanaðkomandi aðila sem munu fjalla um og fræða okkur um ólík efni, en aðalmálefni þingsins eru sem fyrr kjaramálin, kröfur og komandi kjarasamningagerð.

Á þessu þingi gerum við jafnframt menntamálum LÍV hátt undir höfði. Starfsmenntasjóður okkar SVS stendur á tímamótum, mikil vinna hefur verið lögð í stefnumótun hans til framtíðar. Einnig eru framundan reglugerðarbreytingar sem auka munu stuðning við félagana, því við gerum okkur grein fyrir hve mikilvæg aukin menntun og fræðsla er í kjörum fólks.

Nú eru 5 ár liðin frá hruni. Þessi tími hefur reynst okkur afar erfiður og okkur finnst allt of hægt ganga að komast upp úr öldudalnum. Margir hafa flúið land, margir hafa misst allt sitt, margir hafa þurft að lifa við artvinnuleysi, margir hafa þurft að þiggja opinbera aðstoð til framfærslu og mörg heimili hafa brostið undan fjárhagslegu óöryggi og andlegu álagi.

Undir svona kringumstæðum er erfitt að vera bjartsýnn og jákvæður. Sundurlyndi, óöryggi og vantraust hefur því miður einkennt þjóðarsálina undanfarin ár.

Öll vonum við að framundan sé betri tíð, en það er ekki nóg að vona, við verðum líka að trúá því að við getum snúið vörn í sókn og skapað sameiginlega samfélag sem við öll getum verið stolt af. Við verðum að ná viðunandi kjarasamningum og við verðum að tryggja verðgildi þess sem við semjum um. Stjórnvöld verða að standa við fyrirheit sín gagnvart skuldugum heimilum, atvinnulífið verður að komast á skrið, hér verður að vera lífvænlegt fyrir barnafjölskyldur.

Heilbrigðis- og menntakerfið verður að bæta en ekki laska, við verðum að minnka launamun kynjanna og þannig er endalaust hægt að telja upp atriði sem laga þarf og bæta.

Einhver sagði einhvertíma „Vilji er allt sem þarf“.

Framundan eru óvissutímar en eitt er þó víst, við getum lagt okkar að mörkum til þess að gera samfélagið betra og réttlátara. Við erum fulltrúar fjölda fólks sem er orðið langþreytt á erfiðum aðstæðum og þráir mannsæmandi kjör og stöðugleika. Okkur ber skylda til þess að standa saman, standa þétt saman um hagsmunum umbjóðenda okkar.

Því miður höfum við þessi hópur hér ekki alltaf sýnt þá samstöðu innbyrðis sem nauðsynleg er til að skapa trúverðugleika. Við megum ekki leyfa okkur að ala á innbyrðis deilum sem oftast en ekki snúast um menn en ekki málefni. Okkur ber að standa saman og vera vinir.

Í litla svarta kassanum sem þið fenguð afhentan við skráninguna hingað er gjöf frá Félagi verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, sem er táknræn fyrir það sem nauðsynlegt er að hafa í huga bæði hér á þinginu og í starfinu um alla framtíð. Það er að standa saman. Samstaða heitir verkið, gjöf til hins vinnandi manns, gefið af KEA árið 2006 í tilefni af því að 100 ár voru þá liðin frá því að fyrsta verkalyðsfélagið var stofnað við Eyjafjörð, verkið stendur hér niður á Oddeyrartanganum og er eftir Nóa, Jóhann Ingimarsson.

Góðir félagar ég óska þess af einlægni að þetta þing verði fróðlegt, starfsamt og skemmtilegt og okkur öllum til sóma.
Ég segi 28. þing LÍV sett.

ÁVÖRP

Per Tønnesen, formaður HK Handel í Danmörku ávarpaði þingið og sagði að gaman væri að vera kominn til Íslands og vera með íslenskum vinum sínum. Hann talaði í mjög gamansömum stíl um samstarf landanna í gegnum tíðina og fór allt aftur í 14.öld.


Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ ávarpaði þingið og ræddi um hina miklu óvissu sem væri framundan í kjaramálum. Samhljómur væri að myndast um stuttan samning sem hann kallaði „vopnahlé“ en aðalatriði væri að tryggja stöðugleika og auka kaupmátt. Mikilvægt væri að samræma aðgerðir okkar með öðrum hópum og þyrfti verkalyðshreyfingin að koma sterk inn og spyrna við fótum. Forsendur „vopnahlés“ væru m.a. breyttar áherslur í fjárlagafrumvarpi í heilbrigðis- og menntamálum, vinnumarkaðsaðgerðum og dregið væri úr tekjutengingum. Gylfi óskaði þingfulltrúum velfarnaðar í störfum þingsins.



MINNING



Grétar Hannesson lést 22. júlí 2012, 75 ára gamall. Hann sat í framkvæmdastjórn LÍV fyrir hönd VR frá árinu 1975 - 2003 og var gjaldkeri sambandsins frá árinu 1979 - 2002. Á þingi 2003 var Grétar sæmdur gullmerki LÍV. Grétar var starfsmaður VR til fjölda ára.



Magnús Gíslason, fyrrverandi formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja lést 6. júní 2013, 80 ára gamall. Magnús sat í sambandsstjórn LÍV frá 1983 - 1987 og framkvæmdastjórn LÍV frá 1991 - 1993. Hann var formaður VS frá 1978 - 1992.

STARFSMENN ÞINGSINS

Forseti þingsins var kjörin Stefanía Magnúsdóttir og varaforseti Anna María Elíasdóttir. Ritarar þingsins voru kjörnir Hjörtur Geirmundsson og Ólafur Reimar Gunnarsson.

KJÖRBRÉFANEFND

Kjörbréfanefnd var skipuð eftirtöldum aðilum:
Guðrún Erlingsdóttir, VR, formaður
Benedikt Vilhjálmsson, VR
Eiður Stefánsson, FVSA

Formaður kjörbréfanefndar, kynnti álit nefndarinnar. Seturétt á þinginu höfðu 74 fulltrúar frá 12 aðildarfélögum LÍV. Alls bárust 73 kjörbréf frá 11 verslunarmannafélögum og deildum verslunarmanna og voru þau öll metin gild af kjörbréfanefnd. Ein kæra barst vegna kosninga þingfulltrúa VR en kjörstjórn úrskurðaði kosningu VR gilda. Tillagan var samþykkt með handauppréttingu með öllum greiddum atkvæðum.

NEFNDIR

Kjörnefnd

Sigurður Sigfússon, formaður
Einar Hjartarson
Guðrún B. Hallbjörnsdóttir
Benedikt Vilhjálmsson
Kristín M. Björnsdóttir
Hjörtur Geirmundsson
Jóna Matthíasdóttir



Nefnd um kjara- og efnahagsmál

Formaður: Guðbrandur Einarsson

Nefnd um starfsmenntamál

Formaður: Ólafía B. Rafnsdóttir

Nefndir um kjara- og efnahagsmál og starfsmenntamál voru opnar öllum þingfulltrúum.

ERINDI

Um félagsleg áhrif Héðinsfjarðarganga – karlar og konur

Framsögu flutti Andrea S Hjalmsdóttir, lektor félagsvísindadeild HA.

Sagði hún að aðstæður á svæði gangnanna hafi verið metnar bæði fyrir og eftir opnun þeirra..

Landfræðilega væri stutt milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar en samgöngulega hafi verið mikil fjarlægð. Sameining sveitafélaganna átti sér stað áður en göngin voru opnuð. Gerðar voru kannanir 2009 og 2012 þar sem bornar voru saman breytingar fyrir og eftir göngin.

Byggðakjarnarnir voru heimsóttir og kannanir afhentar í öll hús til að tryggja betri svörun.

Verkefnið var einnig unnið út frá kynjaðri hagstjórn m.t.t. breytta atvinnuhætti og fl. Fram kom að karlar voru líklegri til að sækja vinnu lengra frá búsetusvæði þeirra og konum hefur fjölgað sem eru á ferðinni innan Fjallabyggðar. Þjónustu hefur verið þjappað saman, stjórnsýslan sameinuð og skólum skipt eftir stöðum og aldri.

Varðandi viðhorfin til vinnumarkaðarins voru miklar væntingar um fjölbreytni í atvinnulífi sem ekki hafa gengið eftir skv. könnuninni árið 2012. Sömu sögu má segja um væntingar til launabreytinga á þessu tímabili. Ljóst er að það tekur lengri tíma að breyta samfélaginu en mun færri íhuga flutning af svæðinu árið 2012 en 2009.

Hvað er nýtt að fréttu af jafnréttismálum?

Framsögu flutti Ingibjörg Elíasdóttir, fjölmiðlafræðingur og lögfræðingur á Jafnréttisstofu

Fram kom i erindi hennar að í hluta- og einkahlutafélögum, lífeyrissjóðum, sameignarfélögum og samvinnufélögum eigi 40% hlutfall kvenna að vera í stjórnnum, nefndum og ráðum. Árið 2014 mun sama hlutfall verða í nefndum á vegum ríkis og sveitarfélaga. Almennt gengur vel að uppfylla þessi skilyrði á flestum vígstöðvum.

Varðandi kynjaskiptan vinnumarkað er talið nauðsynlegt að afla sér góðrar menntunar strax á unga aldri. Karlar eru ekki eins viljugir að sækja sér menntun þegar þeir eru orðnir eldri.

Jafnréttisstofa framfylgir jafnréttislögum, heimsækir fyrirtæki, framhaldsskóla, ríkisstofnanir, sveitarfélög og grunn- og leikskóla. Allir eiga að hafa jafnréttisáætlun og fylgja henni. Ný lög eru í undirbúningi um jafna meðferð einstaklinga á vinnumarkaði án tillits til kynþáttar,

þjóðernisuppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð eða kynvitund.

Skyldur verða lagðar á atvinnurekendur og stéttarfélög til að framfylgja þessum lögum. Sagði Ingibjörg að spennandi tímar væru framundan hjá Jafnréttisstofu og vonaðist hún til að hún fengi stærra hlutverk t.d. réttindagæslu fatlaðra, og fl.

Hvatti hún alla til að hafa samband við Jafnréttisstofu ef einhverjar spurningar skyldu vakna.

Fjölmiðlar og stjórnsmál – traust og vantraust á tíma markaðsmiðlunar

Framsögu flutti Birgir Guðmundsson, dósent félagsvísindadeild HA.

Sagði hann að fjölmiðlaumfjöllun væri á annan hátt á Íslandi en t.d. í Noregi svo og viðhorf stjórnsmálamanna til fjölmiðlamanna hvað varðar óvægni og hlutdrægni. Stjórnsmálamenn hafa kvartað yfir því að fjölmiðlar hér á landi fari misjöfnum höndum um þá eftir því í hvaða flokki þeir standa. Hann kannaði með kerfisbundnum hætti viðhorf stjórnsmálamanna til fjölmiðla fyrir síðustu alþingiskosningar 2013. Þar kom fram að 73% telja málgagn skipta miklu máli og 80% telja að fjölmiðlar séu ekki óháðir. Tveir af hverjum þremur stjórnsmálamanna telja fjölmiðlamenn ekki vinna á faglegum forsendum.

Niðurstaðan er að ekki er vitað hvort miðlarnir eru í raun hlutdrægir. Ýmislegt í faglegri vinnu blaðamannastéttarinnar er öðruvísi hér en í nágrannalöndunum. „Loftárásir“ hafa alltaf verið við lýði á meðal stjórnsmálamanna og eru meira áberandi nú en áður e.t.v. vegna fjölda fjölmiðla.

Menntun er kjaramál

Erindi flutti Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR. Sagði hún að stjórn VR hafi sett mennta- og starfsmenntamál í forgang og það komi fram í kröfugerð félagsins nú á haustdögum. Þeir sem séu menntaðir njóti þessi í hærri launum, fagmennsku og forgangi til vinnu. Fjöldmörg fyrirtæki hafa lagt aukinn kraft í menntun meðal sinna starfsmanna og hafi um helmingur starfsmanna sótt starfsmenntun á árinu 2012. Um 48% þeirra sem starfa í verslun hafa enga sérmenntun og ljóst að ungt fólk leggur ekki verslunarnám fyrir sig og lítur ekki á það sem framtíðarstarf. Í könnun sem var gerð meðal félagsmanna kom skýrt fram að fólk vill fá launahækkun fyrir sína starfsmenntun. Krafa verður gerð um að raunfærnimat verði tekið til greina varðandi launahækkun í næstu samningum. Sérstök menntanefnd er á vegum VR sem ætlað er að hvetja félagsmenn til frekara náms og verður nýliðanám VR aðaláhersla í menntamálum á árinu 2014. Mikilvægt að ná til unga fólksins sem allra fyrst og benda því á þennan möguleika.

Reglugerðarbreytingar SVS

Teitur Lárusson, stjórnarmaður Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fór yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið á reglum sjóðsins og taka gildi um næstu áramót.

Um 32 þús. félagsmenn eru greiddandi í sjóðinn og hafa safnast töluverðir fjármunir eða um 500 milljónir sem eru til ráðstöfunar.

Helstu breytingarnar eru að fallið verður frá stigaútreikningi við úthlutun og mun í nýjum reglum miðast við ákveðna upphæð á hverju ári. Eins verður hámarksupphæð styrks 75% af heildarupphæð námsins í stað 50% áður en þó að hámarki kr. 90.000 á ári.

Meðalstyrkur til þessa hefur verið um 28 þúsund krónur.



Framtíðarstefna SVS – Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir

Sólveig L. Snæbjörnsdóttir, fagstjóri Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks fór yfir sögu sjóðsins og sagði að frá stofnun hans árið 2000 hafi sjóðurinn vaxið vel og dafnað. Kominn hafi verið tími til að skoða hvað mætti betur gera. Fengnir voru tveir ráðgjafar frá fyrirtækinu Expectus í þá vinnu bæði í ytri og innri greiningu. Hlutfall greiddra styrkja hefur verið um 45% vegna háskólanáms, 30% óeiningarbært nám og 13% framhaldsskólanám. Samkvæmt greiningunni kom fram að auka þurfi ásókn félagsmanna og fyrirtækja í sjóðinn. Áhersla var lögð á að hafa skýrar reglur og upplýsingastreymi og starfsmenn veiti góða og fljóta þjónustu. Unnið hefur verið markaðsstarfi til að kynna sjóðinn enn betur út á við.

Kjarasamningar – Áherslur LÍV – Staðan í dag

Framsögu hafði Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur ASÍ. Fór hann yfir horfur í efnahagsmálum fram til 2015. Taldi hann að kaupmáttur myndi aukast á tímabilinu og hagar heimila fara batnandi. Störfum mun fjölga, vinnutími eykst og gengið verður stöðugra. Uppsöfnuð þörf verður á íbúðahúsnæði, sérstaklega fyrir litlar og meðalstórar íbúðir. Kynnti hann nýja skýrslu heildarsamtaka vinnumarkaðarins „Í aðdraganda kjarasamninga“ sem fjallar um launapróun og efnahagsumhverfi síðustu ára. Í skýrslunni eru upplýsingar um þróun launa á árunum 2006 til 2013 og ítarleg greining á efnahagsforsendum kjarasamninga. Skýrslan er mikilvægt innlegg í það verkefni að bæta umgjörð við gerð kjarasamninga hér á landi. Hvatti hann fólk til að kynna sér efni skýrslunnar en hana má finna á vef ASÍ. Að lokum fór Ólafur Darri yfir þrepaskipt skattkerfi hinna Norðurlanda.

Kjaramál

Framsögu hafði Guðbrandur Einarsson, formaður VS í stað Elíasar Magnússonar sem hafði ekki tók á því að mæta.

Guðbrandur fór yfir stöðu mála og áherslur kröfugerðar LÍV og VR sem lögð hefði verið fram 8. október sl.

Guðbrandur fór jafnframt yfir áunnin réttindi frá 1955, sem okkur finnast sjálfsögð í dag. Þar kom m.a. fram að dagvinna hefði farið úr 48 klst. í 39,5, veikindaréttur lengst úr 3 mánuðum í 6 og orlof farið úr 18 dögum í 28. Lífeyrissjóður verzlunarmanna var stofnaður 1955, samið var um slysa og örorkutryggingar 1961 og starfsmenntasjóðir stofnaðir 2000.

SKÝRSLA STJÓRNAR LÍV

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, formaður LÍV flutti úrdrátt úr skýrslu stjórnar fyrir tímabilið maí 2011 - nóvember 2013. Fyrirspurnum var svarað um skýrsluna.

Eiður lagði fram hugmynd að breyttu fyrirkomulagi um kosningu stjórnar að stjórn væri ekki bundin einstaklingum heldur fulltrúum þeirra félaga sem eiga aðild að LÍV. Ef félag skiptir út formanni eða kjörnum fulltrúa breytist sjálfkrafa stjórn LÍV. Stjórnin yrði skipuð 4 fulltrúum frá VR og 3 frá landsbyggðarfélögum.

Úlfhildur fór yfir skipun stjórnar LÍV og gerði að umræðuefni framboð til formanns LÍV. Hvatti hún Helgu Ingólfssdóttur til að draga framboð sitt til formanns LÍV til baka því ef hún næði kjöri myndi það riðla öllum hlutföllum innan stjórnar LÍV.

Umræður voru um fyrirkomulag kosninga og uppstillingu kjörnefndar og bent á að það vanti kynningu frambjóðenda. Lagt til að kjörnefnd að standa fyrir slíkri kynningu.

Guðbrandur Einarsson sagði að sé þætti einkennilegt að vera í þeirri stöðu að hann væri í einhvers konar vernduðu umhverfi, finnst hann ekki eiga neitt skilið sjálfkrafa. Það væru hins vegar ákveðnar hefðir sem hafa verið í gildi innan hreyfingarinnar. Ein af þeim er þessi skipting sem kjörnefnd hefur nú tekið tillit til. VR hefur í raun haft öll völd innan LÍV en hefur hins vegar alltaf haft sjónarmið minni félaganna innan LÍV að leiðarljósi. Telur hann rétt að skoða hugmynd Eiðs um skipun stjórnar LÍV. Sagðist hann ekki vera tilbúinn til að samþykkja hugmynd Eiðs en það væri rétt að skoða hana. Hann skoraði á Helgu Ingólfssdóttur að draga ekki framboð sitt til baka og vildi að réttur til framboðs væri virtur.

Helga Ingólfssdóttir sagði hlutverk kjörnefndar mikilvægt og hún væri ekki sátt við að formaður LÍV vilji að hún dragi framboð sitt til baka.

SKÝRSLUR AÐILDARFÉLAGA

Skýrslur aðildarfélaga voru teknar saman í eitt hefti ásamt skýrslu LÍV og mátti þar finna ýmsar fróðlegar upplýsingar um starf aðildarfélaganna.

ÁRSREIKNINGAR

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir gerði grein fyrir ársreikningum sambandsins fyrir árin 2011 – 2012.

Fram komu athugasemdir við framsetningu og sundurliðun reikninga LÍV og erfitt væri að samþykkja þá. Bent var á framsetningu t.d. varðandi erlenda samstarfið, þingkostnað, laun og fl. Óskað var eftir nákvæmari sundurliðun.

Guðbrandur sagði að samkvæmt samningi sem gerður var við VR þá væri í raun það eina sem ætti að koma fram í reikningi sambandsins væri framlag VR til LÍV kr. 500 þús. Allt annað er inni í rekstri VR. Sambandið rak á sínum tíma sjálfstæða skrifstofu en starfsemin hefði færst til VR með þeim skilyrðum að VR fengi allar skattatekjur sambandsins. Mikil þekking er innan VR á öllum sviðum og þess vegna væri eðlilegt að VR sinni þessum þáttum fyrir hönd LÍV. Reikningarnir eru áætlun um hvernig skipting kostnaðar hefur verið á milli VR og LÍV og fjárhagsáætlanir sýni þessa sundurliðun betur. Á dagskrá sé að endurskoða samninginn við VR hvað varðar framlag til sambandsins sem ekki hefur breyst frá 2002.

Þingforseti bar upp reikninga sambandsins og voru þeir samþykktir með meirihluta greiddra atkvæða. Þrír voru á móti.

FJÁRHAGSÁÆTLUN

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir fór yfir fjárhagsáætlanir árunna 2014 – 2015. Ljóst er að erfitt er að gera nákvæma sundurliðun

Þingforseti bar upp báðar fjárhagsáætlanirnar og voru þær samþykktar samhljóða.

SKATTUR LÍV

Samþykktur var óbreyttur skattur til sambandsins fyrir árin 201 – 2015, 3,25% af sama skattstofni og lög ASÍ ákveða vegna skatts ASÍ.[STARFSMENNTAMÁL](#)

Teitur Lárusson stjórnarmaður SVS og SV lagði fram og fór yfir ársreikninga og starfsemi sjóðanna fyrir árin 2011 og 2012.

Ársreikningar voru bornir upp og samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

EFNAHAGS- OG KJARAMÁL

Guðbrandur Einarsson fór yfir ályktun efnahags- og kjaramálanefndar.

Íslenskt launafólk vill stöðugleika

-Kjaramálaályktun lögð fram á þingi LÍV 8. - 9. nóvember 2013.

Í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir í íslensku efnahagslífi telur þing LÍV ráðlegt að gera kjarasamning til skemmri tíma. Þingið tekur undir þau sjónarmið sem fram hafa komið innan verkalýðshreyfingarinnar, að gerður verði kjarasamningur til skemmri tíma og í kjölfarið verði unnið að því að koma hér á stöðugleika, sem kjarasamningur til lengri tíma getur byggt á.

Kannanir sem gerðar hafa verið meðal verslunar- og skrifstofufólks sýna að meirihluti þeirra leggur áherslu á aukinn kaupmátt og hækkun lægstu launa. Takist að koma á stöðugleika má ná markmiðum um aukinn kaupmátt með minni launabreytingum.

En stöðugleika verður ekki náð á Íslandi með því að launþegar stilli kröfum sínum í hóf. Fleira þarf að koma til. Stjórnvöld verða að leggja fram trúverðuga efnahagsstefnu sem tryggir stöðugt gengi og verðlag. Þá hafa verðlagshækkanir sem átt hafa sér stað að undanfögnu aukið á óstöðugleika og þær hækkunir sem lesa má út úr fjárhagsáætlunum sveitarfélaga vegna ársins 2014, vekja ekki vonir um að vilji sé til þess að koma á stöðugleika. Þessar hækkunir eru ögrun við íslenskt launafólk sem hefur tekið á sig ómældar byrðar frá efnahagshruninu 2008.

Eigi árangur að nást í að koma á stöðugleika sem leggur grunn að aukinni hagsæld verða allir að róa í sömu átt. Atvinnulíf og stjórnvöld verða að leggja sitt að mörkum. Íslenskt launafólk verður ekki eitt gert ábyrgt fyrir því að koma á stöðugleika.



MENNTAMÁL

Ólafía B. Rafnsdóttir fór yfir ályktun um starfsmenntamál

Tryggjum starfsmenntamálum framgang í kjarasamningum

-Ályktun um starfsmenntamál lögð fram á 28. þingi LÍV 8. -9. nóvember 2013.

Landssamband íslenzkra verzlunarmanna vill auka virðingu fyrir verslunar- og þjónustustörfum og tryggja að ungt fólk líti á störf í þessum greinum sem vænlegan kost til framtíðar. LÍV vill gera nám á þessum vettvangi áhugavert og fyrirtæki í verslun og þjónustu eftirsóknaverða vinnustaði. Til þess þarf að tryggja að sú aukna fagmennska og þekking sem fæst með meiri og skilvirkari menntun í faginu skili sér í hærri launum.

28 þing LÍV 2013 hvetur atvinnulífið til að sýna í verki vilja sinn til að efla menntun starfsmanna í verslun og þjónustu með því að taka undir kröfur LÍV í starfsmenntamálum eins og þær eru settar fram í kröfugerð sambandsins. Í kröfugerðinni er áhersla lögð á að starfsmenntun verslunar- og þjónustufólks sé markviss, í takt við þarfir atvinnulífsins og metin til launa.

LÍV gerir þá kröfu að þessum málaflokki verði gert hátt undir höfði í næstu kjarasamningum og að atvinnurekendur og launafólk sameinist um bókun þar að lútandi sem feli í sér eftirtalin áhersluatriði kröfugerðar sambandsins

- Fulltrúar vinnumarkaðarins, í samstarfi við menntayfirvöld í landinu, sammælist um að ljúka vinnu við að skilgreina starfsmenntun fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum með námslokum sem verða metin til launa.
Besta leiðin til að efla starfsfólk í þessum greinum er að nám í viðkomandi greinum leiði til sérhæfs prófs og viðurkenningar af svipuðum toga og iðnmenntun.
- Í boði verði samfelld nám á framhaldsskólastigi fyrir starfsfólk í verslunar- og þjónustugreinum.
Heildstætt nám innan hins hefðbundna skólakerfis tryggir betur möguleika launafólks og að námið uppfylli þær kröfur sem atvinnulífið gerir.
- Áhersla verði lögð á að launafólk með stutta formlega skólagöngu fái tækifæri til þess að fá reynslu sína metna í raunfærnimati.
Mikilvægt er að starfsfólk í verslun og þjónustu, sem býr yfir sérhæfðri kunnáttu á sínu sviði, fái hana metna bæði til framgangs í starfi og til náms.

Aukin menntun starfsfólks leiðir til aukinnar verðmætasköpunar í atvinnulífinu og bættra lífsgæða starfsmanna. Það er allra hagur.

STJÓRNARKJÖR

Formaður kjörnefndar fór yfir framkvæmd kosninga til formanns, stjórnar og varastjórnar og lagði fram tillögu kjörnefndar. Tilkynnti hann að mótframboð hefði borist til formanns. Ekkert mótframboð hefði borist til stjórnar og varastjórnar sem væri því sjálfkjörin.

Tveir frambjóðendur gáfu kost á sér til formanns LÍV, Helga Ingólfssdóttur, stjórnarmaður VR og Guðbrandur Einarsson, stjórnarmaður LÍV og formaður Vmf. Suðurnesja. Tillaga kjörnefndar til formanns var um Guðbrand Einarsson.

Frambjóðendur kynntu sig og svöruðu fyrirspurnum. Í framhaldinu var gengið til kosninga.

Talninganefnd fyrir formannskosningar

Steinunn Böðvarsdóttir
Guðrún Erlingsdóttir
Ólafía Ása Jóhannesdóttir
Einar Hjartarson

Niðurstaða formannskosninga

Guðbrandur Einarsson 82% - samtals 19.330 atkvæði
Helga Ingólfssdóttir 18% - samtals 4.200 atkvæði

Guðbrandur þakkaði fyrir stuðninginn og þakkaði Helgu kærlega fyrir framboðið.

Formaður: Guðbrandur Einarsson

Aðalmenn í stjórn

Ólafía B. Rafnsdóttir
Páll Örn Líndal
Kristín M. Björnsdóttir
Benóný V. Jakobsson
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir
Gils Einarsson

Varamenn í stjórn

Eiður Stefánsson
Jóhanna Rúnarsdóttir
Hjörtur Geirmundsson
Þórhildur Karlsdóttir
Óskar Kristjánsson
Júnía Þorkelsdóttir
Valur M. Valtýsson

KJÖRNEFND 29. PINGS

Samþykkt tillaga til næstu kjörnefndar

Sigurður Sigfússon
Guðrún B. Hallbjörnsdóttir
Einar Hjartarson
Jóna Matthíasdóttir
Hjörtur Geirmundsson
Kristín M. Björnsdóttir
Benedikt Vilhjálmsson



ÞINGLOK

Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR þakkaði fyrir gott þing og allan undirbúning. Skýrði hún frá ástæðu þessa að hún hafi ekki boðið sig fram til formanns LÍV og óskaði Guðbrandi til hamingju og velfarnaðar í starfi. Þakkaði hún Úlfhildi sérstaklega fyrir samstarfið.

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir þakkaði fyrir sig og ræddi um þann tíma sem hún sat sem formaður LÍV og hafi fengið í fangið frekar óvænt. Sagðist hún ganga mjög ánægð frá borði. Þakkaði hún öllum starfsmönnum þingsins fyrir gott samstarf, þingforsetum, riturum.

Eiður Stefánsson lýsti yfir ánægju með samvinnu félaga innan LÍV og þakkaði fyrir þann aðgang sem minni félögin hefðu að starfsmönnum VR og þá aðallega í kjaramáladeild.

Helga Ingólfssdóttir þakkaði fyrir stuðninginn og óskaði Guðbrandi til hamingju með kjörið.

Guðbrandur Einarsson þakkaði fyrir mjög gott þing. Sagði hann að fólk sem væri að kveðja þennan vettvang hafi lagt mjög mikið á sig, fólk sem væri tilbúið til að stuðla að velferð annarra. Guðrúnu Erlingsdóttur, sem hefur setið í stjórn LÍV frá árinu 1993 og Einari Hjartarsyni sem setið hefur í stjórn LÍV frá 2008 voru færð blóm og þakkað kærlega fyrir framlag þeirra til hreyfingarinnar.

Guðbrandur þakkaði Úlfhildi Rögnvaldsdóttur fyrir störf í þágu LÍV. Hún væri ein af þeim sem skorast ekki undan þegar leitað er til hennar og hefur hún axlað þá ábyrgð sem henni hefur verið falið og gert það frábærlega. Henni voru færð blóm og málverk fyrir óeigingjörnu störf í þágu LÍV.

Gullmerki LÍV

Formaður LÍV sæmði Stefaníu Magnúsdóttur gullmerki LÍV en hún hefur setið í stjórn og varastjórn LÍV frá 1991, varaformaður frá 2009 og sem formaður frá 2010 – 2011, eftir að hafa tekið við embættinu á mjög erfiðum tíma þegar Ingibjörg R. Guðmundsdóttir féll frá.

Starfsmönnum þingsins voru þökkuð störfin með lófaklappi.



FULLTRÚAR 28. ÞINGS LÍV Á AKUREYRI

Verkalýðsfélag Vesturlands

Einar O. Pálsson

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Sigurður A. Guðmundsson

Verkalýðsfélag Vestfirðinga

Finnur Magnússon

Stéttarfélagið Samstaða

Sigríður S. Guðmundsdóttir

Verslunarmannafélag Skagfirðinga

Hjörtur Geirmundsson

Félag verslunar- og skrifstofufólks

Akureyri

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Einar Hjartarson

Eiður Stefánsson

Anna M. Elíasdóttir

Jón Grétar Rögnvaldsson

Framsýn stéttarfélag

Jóna Matthíasdóttir

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Kristín Kristjánsdóttir

Verslunarmannafélag Suðurlands

Gils Einarsson

Ólafur Jóhannsson

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Guðbrandur Einarsson

Bryndís Kjartansdóttir

Kristín G. Njálsdóttir

Sveinbjörg Sigurðardóttir

VR

Aðalheiður S. Óladóttir

Áslaug Alexandersdóttir

Ástríður S. Valbjörnsdóttir

Benedikt Vilhjálmsson

Benóný V. Jakobsson

Bjarni Þ. Sigurðsson

Bryndís Guðnadóttir

Díana Símonardóttir

Edda S. Einarsdóttir

Einar M. Nikulásson

Elías G. Magnússon

Elísabet Magnúsdóttir

Eygló Friðriksdóttir

Fríður Birna Stefánsdóttir

Gísli K. Gunnsteinsson

Guðrún B. Hallbjörnsdóttir

Guðrún Erlingsdóttir

Hafdís B. Bjarnadóttir

Hansína Gísladóttir

Helena Jónsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Hjördís Jónsdóttir

Ingibjörg Ó. Birgisdóttir

Ingimar Þorsteinsson

Jóhanna S. Rúnarsdóttir

Jón Hrafn Guðjónsson

Jón I. Kristjánsson

Júlíana Pálsdóttir

Júnía Þorkeldsdóttir

Kalla Björg Karlsdóttir

Kristín M. Björnsdóttir

Kristjana Þ. Jónsdóttir

Leo Smári Gunnarsson

Linda Rós Reynisdóttir

Magnús Þorsteinsson

Ólafía Ása Jóhannesdóttir

Ólafía B. Rafnsdóttir

Ólafur R. Gunnarsson

Páll Örn Líndal

Petrína R. Pétursdóttir

Sigmundur Halldórsson

Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir

Sigrún Viðarsdóttir

Sigurbjörg Þorlákssdóttir

Sigurður Sigfússon

Stefanía Magnúsdóttir

Stefán V. Egilsson

Steinunn Böðvarsdóttir

Steinþór Ásgeirsson

Teitur Lárusson

Valur M. Valtýsson

Þorsteinn Þórólfsson

Þóra Skúladóttir Öfjörð

Þröstur Ríkarðsson

Ævar Karlsson

